


# Samkeppni um útilistaverk við Kárahnjúka

Listamaður:

Einar Þorsteinn

## Landvættir



*Lýsing listamannsins á verki sínu:*

Listaverkið Landvættir gerir ráð fyrir staðsetningu á eggslétt jöfnuðum fleti í sjónmáli við meginbyggingar virkjunarinnar ofanjarðar við Kárahnjúka. Sléttan sem tilheyrir listaverkinu er ferningur, 2500 fermetrar að stærð eða fjórðungs hektari og útlínur hennar snúa nákvæmlega í fjórar megináttirnar, en uppúr sléttunni miðri ris formuð hæð með þrjár flatar hliðar.

Lágur steinveggur afmarkar fjórðungs hektara sléttuna og innan hennar er yfirborðið lagt steinum/mól úr næsta nágrenni. Hverjum hluta sléttunnar er skipt niður á svipaðan hátt – eða er beinlínis spegilmynd við ytra byrði hæðarinnar.

Hæðin þríeina á sléttunni þekur nákvæmlega 955 fermetra flöt, sem er í gullinsniðs-hlutfalli við heildarstærð umræddrar sléttu. Hæðin ris 15,45 m upp frá jörðu og inniheldur riflega 4900 rúmmetra. Öll formun hæðarinnar byggir á lögmálum gullinsniðs.

Tillaga þessi að umhverfislistaverki á hálendinu, leitast því við að auka við reglu reynsluheims manneskjunnar, bæði með listaverkinu sjálfu og upplifun á því, svo og með „söguna á bak við“ þann feril allan, að ákveðið var á árunum 2005 til 2006, að setja niður umhverfislistaverk á hálendi Íslands í samhengi við nýjar virkjunarframkvæmdir þar.

Gerð og útfærsla Landvætta leitast við að bjóða skoðendum þess upp á margþætta og að sumu leyti nýja upplifun. Fyrst má segja að hæðin skeri sig lítið sem ekkert úr, sé einungis ein smáeind til viðbótar við það heildarlandslag sem fyrir er og

samanborin við Kárahnjúka í næsta nágrenni, nánast sandkorn. En þetta breytist strax og huganum er beint að verkinu sjálfu. – Án efa, frá sjónarmiði listaverkaflokkunar, telst verkið auk umhverfislistaverks einnig til installasjóna, þar sem gert er ráð fyrir því, að skoðendur þess gangi upp og niður hæðina og geti um leið ígrundað tvö sérútfærð rými, eða skála innan hennar.

Þrjú 120 cm breið niðurfelld einstigi liggja upp eftir hæðinni. Gengið er inni hvert um sig, utanvert við fjórðungs hektara sléttuna, sem afmarkar heildarlistaverkið. Einstigin eru öll mismunandi afliðandi, en ekkert þeirra þó brattara en venjulegur stigi. Þar sem þau eru öll felld niður í hæðina leyfa þau útsýni í aðeins eina átt á leiðinni upp eða niður. Innan þeirra er á eina hönd lágur veggur, en á hina hærrí veggur. Öll þrjú mætast í einum punkti, í um 12 metra hæð þaðan sem ein leið liggur enn hærra eftir stigangangi sem endar inni glerškála, sem er um leið gnípa hæðarinnar. Þaðan er gott útsýni í allar áttir og góð birta.

